Hafnarfjörður
4.Juni 2021

Húsið Vinaskjól – Kletturinn - Geitungar

Guðbjörg Magnúsdóttir, forstöðumaður
Þórdís Rúriksdóttir, forstöðumaður, yfirþroskaþjálfi

Hafnarfjörður

Vinaskjól

Vinaskjól er sértæk frístundamiðstöð fyrir ungmenni með fatlanir á aldrinum 16-20 ára sem þurfa dvöl eftir að skólavist líkur á daginn.

Markmið Vinaskjóls er að styðja þjónustunotendur til sjálfstæðis og auka félagslega færni þeirra. Með starfinu er lögð áhersla á eflingu sjálfstrausts, sjálfstæðis og samkenndar með öðrum, sem og skemmtilegan frítíma sem ungmennin taka þátt í að skipuleggja.

Markmið

Stuðla að því að veita einstaklingum þjónustu sem tekur tillit til færni og getu hvers og eins og aðstæðna hverju sinni. Styðja við getu þjónustuþega á þeirra forsendum. Virða, efla og ýta undir sjálfstæði hvers og eins sem og gæta þess að unnið sé með lýðræði ungmenna að leiðarljósi. Tryggja að ungmennin finni fyrir öryggi, hlýju og frelsi í frístundastarfi sínu. Húsið leggur áherslu á að bjóða uppá faglega þjónustu með uppeldisgildi frítímastarfs að leiðarljósi. Skapa aðstæður og umhverfi þar sem hægt er að þjálfa félagsfærni, samskiptafærni, styrking sjálfsmyndar, efla félagslega þátttöku og virkni. Reynt er að vinna með styrkleika hver og eins og komið til móts við ólíkar þarfir.


Sveitarfélög sem eru með samning við Vinaskjól

Vinaskjól er rekið af Hafnarfjarðarbæ og eru eftirfarandi sveitarfélög samstarfsaðilar:

Kópavogur, Garðabær, Mosfellsbær, Grindavík

Hafnarfjörður

Rýmið



- **Salur 1** – eru einstaklingar sem þurfa mikla umönnun og nota hjálpartæki. Í öllum tilvikum eru einstaklingar með maður á mann í þessu rými. Hjálpartækinn taka mikið pláss enda flestir með fleiri en eitt hjálpartæki.
- **Salur 2** – eru einstaklingar sem þurfa minni umönnun. Nokkuð er um að þjónustunotendur í rými 2 þurfa sér rými og höfum við útbúið 2 herbergi sem eru nýtt alla daga (grænu herbergin á mynd). Eftir eru þá 2 herbergi sem nýtist fyrir öll hin og eitt aðalrými.
- Rýmið sem við erum með er í kringum 262 fermetra.
- Við nýttum okkur gátlista um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva sem var gerður af Skóla-og frístundasviði Reykjavíkur.
- Gera þarf ráð fyrir 4 m2 nettó á barn hverju sinni eða 12 m2 þegar um börn með fötlun er um að ræða. Þó það sé reiknað 12 fermetra á einstakling þá þurfum við að gera ráð fyrir hjálpartækjum sem taka nokkuð mikið pláss.

Hafnarfjörður

Fjölatölur

	2021	Útskrift úr vinaskjóli 2021	Væntanlegir Haust 2021 *	Útskrift úr Vinaskjóli 2022	Væntanlegir Haust 2022 *
Hafnarfjörður	4	1	3	2	1
Garðabær	2	0	2	0	0
Mosfellsbær	2	0	2	1	0
Grindavík	1	0	0	0	0
Kópavogur	6	1	4	3	0
Samtals**	15	13	24	18	19

- Í dag eru 15 einstaklingar að nýta sér frístundaúrræði í Vinaskjóli. 18 starfsmenn eru í hlutastarfi og eru 2 stjórnendur í fullu starfi.
- Flestir þjónustunotendur eru með viðveru að loknum skóladegi alla virka daga. Þegar skólar eru lokaðir geta þjónustunotendur óskað eftir viðveru allan daginn. Góð nýting er á þjónustunni þegar svo er.
- Óskað var eftir fjöldatölum frá Klettaskóla og ráðgjöfum sveitarfélaganna til þess að geta gefið okkur mynd af stöðu Vinaskjóls næsta árið.
- Tafla 1 sýnir fjöldatölur eins og staðan er í dag, tölur útskriftanema ásamt væntanlegum fjölda á næstu önn.

Hafnarfjörður

Samantekt

- 11 einstaklingar eru nú á lista yfir mögulega umsækjendur. Listar koma frá Klettaskóla og ráðgjöfum sveitarfélaga.
- 15 einstaklingar eru nú í þjónustu í Vinaskjóli. Af þeim munu 2 útskrifast sem hafa þjónustustuðulinn 0,3 á mann.
- Ljóst er að Vinaskjól þarf meira rými og fleiri stöðugildi til þess að geta tekið við öllum þeim sem óska eftir þjónustu. Nú þegar er þungt fyrir marga af okkar notendum vegna plássleysis og áreitis.
- Farið var í töluverðar breytingar á húsnæði og skipulagi í vetur til þess að veita þjónustunotendum meira svigrúm og næði, en þar sem við erum með marga einstaklinga sem þola illa áreiti og læti getur reynst erfitt að samnýta rýmin þannig að öllum líði sem best.
- Vantar litla eldhúsaðstæðu
- Með tilliti til stærðar á húsnæði og fjölda einstaklinga í þjónustu nú þegar er ljóst er að við munum ekki geta samþykkt allar þær umsóknir sem borist hafa í Vinaskjól fyrir skólaárið 2021-2022.

Hafnarfjörður

Fjárhagstaða - stöðugildi

Fjöldi tíma		2021-09		2021-09	2021-09	2021-09
Garðabær		136,5		136,5	164,0	201,5
Grindavík		43,5		43,5	43,5	43,5
Hafnarfjörður		85,5		184,5	184,5	184,5
Kópavogur		164,5		164,5	214,5	313,5
Reykjavík		0,0		0,0	0,0	0,0
Mosfellsbær		111,0		111,0	148,5	186,0
Samtals tímar		541,0		640,0	755,0	929,0
Verð pr. tíma		17.492		16.242	15.414	13.855
Afstemming						
Fjárhæð reiknings		2021-09		2021-09	2021-09	2021-09
Garðabær		2.387.618		2.217.035	2.527.856	2.791.748
Grindavík		760.889		706.527	670.498	602.685
Hafnarfjörður		1.495.541		2.996.651	2.843.838	2.556.216
Kópavogur		2.877.385		2.671.811	3.306.251	4.343.489
Reykjavík		0		0	0	0
Mosfellsbær		1.941.579		1.802.863	2.288.943	2.576.998
		9.463.012		10.394.887	11.637.387	12.871.137
		Miðað við að stöðuna eins og hún er í dag		Miðað við 1.5 stöðugildi, Hafnfirðingar fara bara inn sem eru 3 einstaklingar	Miðað við 3,5 stöðugildi- 7 manns, frá kóp,mos og Garðabæ	Miðað við 5,5 stöðugildi - biðlisti tæmdur 11 manns
Umsýslukostnaður		5%		5%	5%	5%
	Áætlun 2021	108.148.709		118.798.709	132.998.709	147.098.709
	Umsýslu kostnaðu r	5.407.435		5.939.935	6.649.935	7.354.935
	Samtals kostnaðu r á ári	113.556.144		124.738.644	139.648.644	154.453.644
	Samtals kostnaðu r á mánuði	9.463.012		10.394.887	11.637.387	12.871.137



Hafnarfjörður

Kletturinn

- Frístundaklúbburinn Kletturinn býður uppá fjölbreytt tómstundastarf fyrir börn og unglinga með fötlun í 5.-10. bekk eftir að hefðbundnum skólatíma lýkur. Frístundaklúbburinn er staðsettur við Suðurgötu 14.
- Kletturinn er tómstundaúrræði sem er ætlað börnum og unglingum með fötlun. Kletturinn er ætlaður börnum og ungilingum sem hafa fötlun í 1-3 fötlunarflokki samkvæmt jöfnunarsjóði. Kletturinn leggur áherslu á að bjóða uppá faglega þjónustu með uppeldisgildi frítímanns að leiðarljósi. Skapa aðstæður og umhverfi þar sem hægt er að þjálfa félagsfærni, samskiptafærni, styrking sjálfsmyndar, efla félagslega þátttöku og virkni. Reynt er að vinna með styrkleika hver og eins og komið til móts við ólíkar þarfir.

- Markmið starfsins er að mæta persónulegum þörfum hvers nemanda sem mæta í Klettinn. Lagt er áhersla á félagsleganþátt nemenda í leik og starfi. Starfsemin byggir á einstaklingsmiðaðri þjónustu þar sem reynt er að vinna með styrkleika hvers og eins og ávallt er reynt að koma til móts við ólíkar þarfir og áhuga ungmennanna. Áhersla er lögð á að skapa vettvang þar sem ungt fólk hittist og fær tækifæri til þátttöku í öflugu frístundarfi á jafningagrundvelli og upplifa öryggi og vellíðan. Að stuðla að virkni og þátttöku í sínum eigin frítíma og styðja við jákvæða sjálfsmynd.

Hafnarfjörður

Staðan

- Eitt stórt rými með tveim litlum herbergjum
- Skortir rými til að aðskilja hópa
- 7 starfsmenn í hlutastarfi og einn í fullu starfi
- Einn að útskrifast og 3 umsóknir komnar (umsóknartími ekki lokið) 2 einstaklingar sem þurfa manninn á sig.









Hafnarfjörður

Fjárhagsstaða - stöðugildi

Fjöldi tíma		2021-09		2021-09
Garðabær		0,0		0,0
Grindavík		0		0
Hafnarfjörður		220,0		290,0
Kópavogur		0,0		0,0
Reykjavík		20,0		20,0
Mosfellsbær		0,0		0,0
Samtals tímar		240,0		310,0
Verð pr. tíma		14.107		12.925
Afstemming				
Fjárhæð reiknings		2021-09		2021-09
Garðabær		0		0
Grindavík		0		0
Hafnarfjörður		3.103.474		3.748.351
Kópavogur		0		0
Reykjavík		282.134		258.507
Mosfellsbær		0		0
		3.385.608		4.006.858
		Miðað við að stöðuna eins og hún er í dag		Miðað við 1 stöðugildi, Hafnfirðingar fara bara inn sem eru 3 einstaklingar
Umsýslukostnaður		5%		5%
	Áætlun 2021	38.692.660		45.792.660
	Umsýslukostnaður	1.934.633		2.289.633
	Samtals kostnaður á ári	40.627.293		48.082.293
	Samtals kostnaður á mánuði	3.385.608		4.006.858





Hafnarfjörður

Geitungarnir

Geitungarnir sem eru vinnu og virkniúrræði á vegum Hafnarfjarðarbæjar staðsett á neðstu hæð Suðurgötu 14 (Gömlu skattstofunni)

Markmið

Markmið Geitunga er að efla fatlað fólk á margvíslegan hátt, svo sem í gegnum starfsþjálfun og félagslega eflingu. Einnig viljum við gera fatlað fólk sýnilegra bæði á almenna vinnumarkaðnum sem og í samfélaginu öllu og um leið auka sjálfstæði þess. Fatlað fólk á að njóta sömu réttinda og ófatlað fólk og er sú hugsjón mikill drifkraftur í öllu okkar starfi. Við leitumst við að bjóða upp á einstaklingsbundna þjónustu þar sem tekið er mið af styrkleikum hvers og eins og verkefni fundin í samræmi við styrk, áhuga og getu viðkomandi.

Þjónustuþyngd fólks er mismikil og ákvarðast hún oft út frá fötlun viðkomandi. Ef þjónustunotandi þarf mikla eftirfylgd, aðstoð við daglegt líf svo sem salernisferðir, matartíma og fleira þarf hann starfsmann með sér allan daginn. Einnig á þetta við um þá þjónustunotendur sem glíma auk fötlunar sinnar við alvarleg andleg og/eða geðræn vandamál. Þjónustunotendur sem eru nokkuð sjálfstæðir og þurfa ekki mikla aðstoð við athafnir daglegs lífs nægir að deila saman 2-3 einum starfsmanni.

Hafnarfjörður

Staðan í dag

- Átta einstaklingar eru nú á biðlista í Geitungunum og er sá listi ekki tæmandi.
- Undanfarin ár hefur verið mikið aðsókn í Geitungana og myndum við gjarnan vilja geta tekið inn fleiri en raunin er nú. Til að anna eftirspurn þeirra og til þess að halda því faglega starfi sem við viljum áfram þarf að fjölga stöðugildum í Geitungunum.
- Án fleiri stöðugilda er hætta á að starfsfólk verði ábyrgt fyrir of mörgum þjónustunotendum í einu og í svoleiðis aðstæðum er erfitt að halda í faglegt starf sem og hætta á mistökum í starfi eykst. Einnig eykst hætta á kulnun starfsfólk þegar ábyrgð þeirra er orðin yfirþyrmandi.
- Til þess að hægt sé að sinna öllum þjónustunotendum eins vel og við viljum og þau eiga rétt á þarf að endurskoða stöðugildi í Geitungunum.
- Eins og komið hefur fram teljum við nauðsynlegt að halda í faglegt starf í Geitungunum með það að sjónarmiði að valdefla fatlað fólk á allan hátt, gera það sýnilegra í samfélaginu og auka sjálfstæði þess. Til þess að vel takist þarf að vera nóg af starfsfólki til þess að sinna þjónustunotendum okkar. Okkar hugsjón er að stækka starfsemina, bjóða fleiri þjónustnotendur velkomna og gera Geitungana að flottasta vinnu- og virkni stað landsins. Þess vegna óskum við eftur aukningu á stöðugildum í starfsemi Geitungana.

Hafnarfjörður

Tölulegar upplýsingar

Hjá okkur starfa 26 virkir starfsmenn frá 5 bæjarfélögum

2 frá Reykjavík
17 frá Hafnarfirði
5 frá Kópavogi
1 frá Garðabæ
1 frá Mosfellsbæ

- Rekstur Geitungana greiðist því af þessum 5. bæjarfélögum, þá er hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar langsamlega stærst.
- En hlutdeild hvers bæjarfélags er reiknuð eftir þjónustuþyngd hvers einstaklings x lengd viðveru og fjölda daga.
- Hlutdeild Hafnarfjarðar er því í kringum 60% og því næst er Kópavogur með næst hæstu hlutdeild í kostnaði eða í kringum 28% reksturs.

Hafnarfjörður

Biðlisti Geitungana

Er ekki tæmandi þar sem umsóknir eru enn að berast frá útskriftarnemum

0 frá Reykjavík

2 frá Hafnarfirði

3 frá Kópavogi

1 frá Garðabæ

2 frá Mosfellsbæ



Hafnarfjörður

Fjárhagsáætlun

Fjöldi tíma		2021-09	2021-09	2021-09	2021-09
Garðabær		37,5	37,5	37,5	57,5
Grindavík		0	0	0	0
Hafnarfjörður		397,3	454,8	454,8	454,8
Kópavogur		171,5	171,5	255,8	275,8
Reykjavík		57,5	57,5	57,5	57,5
Mosfellsbær		25,0	25,0	25,0	55,0
Samtals tímar		688,8	746,3	830,6	900,6
Verð pr. tíma		15.509	15.982	15.099	14.627
Afstemming					
Fjárhæð reiknings		2021-09	2021-09	2021-09	2021-09
Garðabær		581.580	599.328	566.227	841.058
Grindavík		0	0	0	0
Hafnarfjörður		6.160.874	7.268.649	6.867.195	6.652.400
Kópavogur		2.659.761	2.740.926	3.862.420	4.034.151
Reykjavík		891.756	918.969	868.214	841.058
Mosfellsbær		387.720	399.552	377.484	804.490
		10.681.691	11.927.424	12.541.540	13.173.157
		Miðað við að stöðuna eins og hún er í dag	Miðað við tvö stöðugildi, Hafnfirðingar fara bara inn	Miðað við þrjú stöðugildi- 2 Hafnarfirði og 2 frá Kópavogi	Miðað við fjögur stöðugildi- biðlisti tæmdur 8 manns
Umsýslukostnaður		5%	5%	5%	5%
	Áætlun 2021	122.076.474	136.313.418	143.331.890	150.550.362
	Umsýslukostnaður	6.103.824	6.815.671	7.166.595	7.527.518
	Samtals kostnaður á ári	128.180.298	143.129.089	150.498.485	158.077.880
	Samtals kostnaður á mánuði	10.681.691	11.927.424	12.541.540	13.173.157



Hafnarfjörður

Mötuneyti

- Geitungarnir eru með mötuneyti fyrir þjónustunotendur og starfsmenn Hússins sem í dag er mannað af starfsmanni Geitungana. Hjá okkur eru yfir 50 manns í hádegismat á degi hverjum í og um 100 manns í síðdegishressingu
- Teljum við að mikil hagræðing yrði af því að fá inn matráð sem sæi um eldhúsið og hefði umsjón með pöntunum fyrir Húsið. Þannig myndum við endurheimta starfsmanninn okkar í vinnu með okkar fólki og matráður myndi líklega ná fram hagræðingu í innkaupum og samsetningu matseðla.

Hafnarfjörður